

Sp.

618. Fyrirspurnir.

[312. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um lækkun húshitunarkostnaðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær má vænta þess frumvarps um lækkun húshitunarkostnaðar sem iðnaðarráðherra gaf yfirlýsingu um á Alþingi 19. desember s. l. að lagt yrði fram „á fyrstu dögum þings eftir áramót“?
2. Má vænta breytinga á niðurgreiðslu á verði raforku til húshitunar á þessu ári? Ef svo er, þá hvenær og hversu mikil lækkun fengist á raforkuverði með þeim hætti?

II. Til dómsmálaráðherra um þyrlukaup til landhelgisgæslu og björgunarstarfa.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Verður Alþingi kynnt hvernig vali á björgunar- og gæsluþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna er háttað?
2. Verða Alþingi kynntar umsagnir Slysavarnafélags Íslands, Flugbjörgunarsveitarinnar, Hjálparveitar skáta og annarra aðila sem umsögn hafa gefið um þyrlukaupin?
3. Hefur verið leitað umsagnar Björgunarsveitar varnarliðsins eða annarra erlendra, sérfróðra aðila í björgunar- og gæslustörfum um fyrirhuguð þyrlukaup?
4. Hvaða skýringar gefur dómsmálaráðherra á þeirri frétt í Flight International vikuna 4. til 10. febr. s. l. að þyrlukaupanefnd hafi þegar valið Aerospatiale SA 365 N Dauphin?
5. Hvort á að kaupa eina eða tvær þyrlur?

III. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar fyrir Norðurlandi.

Frá Pálma Jónssyni.

Er þess að vænta að settar verði reglur um rækjuveiðar úti fyrir Norðurlandi?